

Djúpivogur, 24.08.2020

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps

Geysi

Djúpavogi

**Efni :**

**Óskir um viðræður um hafnargjöld vegna laxeldis, umræður um viljayfirlýsingu um lóð við Gleðivík og leigu á þurrkarahúsi í gömlu bræðslunni.**

Búlandstindur byggir sína starfsemi að stórum hluta til á því að þjónusta laxeldisbændur á austurlandi og bindum við miklar vonir við aukið eldi á austfjörðum. Nú sjáum við fram á aukningu í slátrun á eldisfiski á komandi árum og teljum að nú sé nauðsynlegt að leggja skýrar línur með framtíðina fyrir bæði Búlandstind og eldisfyrirtækin sem við þjónustum, Fiskeldi Austfjarða hf. og Laxar ehf. og ekki síður fyrir nýtt sveitarfélag og Djúpavog.

Búlandstindur, Laxar ehf og Fiskeldi Austfjarða hf. óska eftir því að fá fund með fulltrúa/um sveitarfélagsins vegna hafnargjalda af laxi. Mikil uppbygging er framundan hjá félögunum og nauðsynlegt að fara yfir þessi mál áður en lengra er haldið...

Þegar hefur verið sent inn erindi vegna lóðar undir fyrirhugaða frauðkassaverksmiðju í Gleðivík sem vonast er til að rísi í vetur. Í framhaldi af byggingu kassaverksmiðu og ef áform eldisfyrirtækjanna ganga eftir er ljóst að Búlandstindur mun þurfa stærra húsnæði undir starfsemi sína. Að því sögðu óskar Búlandstindur hér með eftir því að hefja viðræður við sveitarfélagið um gerð viljayfirlýsingar um lóð við Gleðivík þar sem Búlandstindur gæti byggt laxasláturhús við kassaverksmiðjuna.

Að lokum óskar Búlandstindur eftir því að fá þurrkarahús gömlu bræðslunnar leigt um óákveðinn tíma til viðbótar við það sem félagið er að leigja nú þegar. Nauðsynlegt er fyrir Búlandstind að geta verið með öruggan lager af frauðkössum fyrir afurðir okkar og nú er svo komið að við þurfum að hafa svo stóran lager tiltækan að hann rúmast ekki í húsnæði Búlandstinds.

Elís Grétarsson